

**Nd.**

**117. Frumvarp**

til laga um þóknun til þeirra manna, er bera vitni fyrir dómi.

(Eftir 3. umr. i Ed.).

1. gr.

Nú er manni stefnt i dóm til að bera vitni, og ber honum 50 aura þóknun fyrir hverja klukkustund, er hann tefst frá öðrum störfum vegna stefnunnar, þó eigi meira en 6 kr. um sólarhringinn.

2. gr.

Þurfi vitnið að fara 5 km. á landi eða 2 km. á sjó, ber því 50 aurar i ferðakostnað fyrir hverja farna 5 km. á landi eða 2 km. á sjó.

3. gr.

Í sakamálum og almennum lögreglumálum skal þóknun greidd fyrirfram úr landssjóði, og fer um endurgjald hennar sem um annan málskostnað í þeim málum.

Í einkamálum greiðir sá gjaldið, er vitnaleiðslu krefst. Sje það eigi greitt fyrirfram, má taka það lögtaki samkvæmt lögum nr. 29, 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

4. gr.

Vitnadómarinn ákveður þóknun vitna.